

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður, þó þannig, að refsing ákærða sje 100 kr. sekt, er afplánist með 30 daga einföldu fangelsi. Hinn ákærði greiði og áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda fyrir yfirdómi, málflutningsmanns Páls Briem, 10 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 1. aprílmán.

Nr. 18/1889

Rjettvísing

gegn

Jóni Jóhannessyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Ísafjarðarsýslu uppkveðnum 13. októbermán. f. á. var hinn ákærði Jón Jóhannesson dæmdur eptir almennum hegningarlögum 25. júní 1869 232. grein til að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu fyrir einfaldan þjófnað framinn í 2. sinn, svo og til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun í hjeradi, 6 krónur. Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk hins ákærða.

Það er sannað með játningu hins ákærða sjálfs og öðrum skýrslum í málinu, að hann hafi á árinu sem leið stolið 2 silfurmatскеiðum, sinni í hvort skiptið, á þann hátt og með þeim atvikum, er nú skal greina. Á útmánudunum í fyrra vetur kom hann einhverju

sinni inn í hús Arna Árnasonar á Ísafirði, og var honum þar gefin súpa að borða og fengin silfurskeið til að matast með. Þegar hann var búinn að borða, stakk hann skeiðinni í vasa sinn, í því skyni að stela henni, og hafði sig síðan á brott. Hinn ákærði segist seinna hafa tapað skeið þessari, en hún hefur verið virt á 8 kr. Í vor, er leið, eptir Hvítasunnu fór hinn ákærði inn í bæinn Arbæ í Bolungarvík, sem var opinn og mannlaus, og stal þar gamalli silfurskeið, sem lá á kofforti í bænum. Skeið þessa, sem virt hefur verið 4 kr., bauð hinn ákærði Árna Árnasyni til endurgjalds fyrir hina skeiðina, er hann hafði stolið frá honum, en Árni vildi eigi þiggja hana. Fór hinn ákærði þá aptur með skeiðina og kastaði henni inn í bæinn á Árbæ, og þar fannst hún síðar.

Með hæstarjettardómi, upp kveðnum 29. janúarmán. 1883, hefur hinn ákærði, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, verið dæmdur fyrir þjófnað í 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og verður því nú að heimfæra brot hans undir hegningarlöggáttanna 232. grein 1. málslíð. Eptir vottorðum prests og hjeradslæknis er hinn ákærði mjög gáfnalítill og illa upplýstur, og presturinn segir enda, að hann hafi «víst næsta óljósa hugmynd um greinarmun góðs og ills». Eptir allri framkomu hins ákærða, þegar hann framdi glæpinn og síðar undir rannsókn málins, verður þó eigi annað álitíð, en að hann hafi verið sjer þess fullkomlega meðvitandi, að verkið var hegningarvert. En allt að einu virðist verða að taka tillit til 40. gr. hegningarlöggáttanna, þegar ákveða skal hegninguna fyrir hinn ákærða, og þykir hún þá hæfilega metin eptir 232. gr. 1. málslíð, sbr. 63. gr., 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð. — Iðgjalda hef-

ur eigi verið krafizt fyrir skeið Árna Árnasonar. — Um málskostnað í hjeraði á aukarjettardómurinn að vera óraskaður; svo verður hinn ákærði og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það er athugavert við meðferð málsins í hjeraði, að þar hafa eigi verið framlagðar dómsgjörðir, hvorki undirjettar nje yfirjettar nje hæstarjettar í hinu eldra sakamálinu gegn ákærða, og að áfrýjunarstefna hjeráðsdómarans, sem rituð er á dómsgjörðirnar, er svo úr garði gjörð, að hlutaðeigandi amtmaður varð að áfrýja málinu af nýju, og hefur það orsakað nokkurn drátt á því. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjeraði verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Jón Jóhannesson á að sæta 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað í hjeraði á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Hinn ákærði á að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málfærslumannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.